

Viðbrögð vegna samskiptavanda.

Í Sjálandsskóla hefur verið lögð mikil áhersla á að bregðast við samskiptavanda nemenda og grípa inn í aðstæður eins fljótt og okkur er unnt. Viðbrögðin eru mismunandi eftir eðli málanna hverju sinni.

Alvarlegur samskiptavandi

Þegar upp kemur alvarlegur samskiptavandi milli nemenda er brugðist við með eftirfarandi hætti.

1. Stjórnandi eða stjórnendur eftir atvikum funda með námsráðgjafa og umsjónarkennara til að fara yfir málið þ.e. hvaða nemendur eiga hlut að máli og gera áætlun um hvernig tekið skuli á málinu s.s. hvernig viðtöl fara fram og með hvaða hætti, þær spurningar sem verður lögð áhersla á í viðtölum við nemendur. Teymið skiptir með sér verkum.
2. Nemendur eru sóttir inn í kennslustund og þeir fá stutta útskýringu á því um hvað ræðir. Viðtöl eru tekin á skrifstofu stjórnenda eða hjá námsráðgjafa.
3. Oftast er byrjað á að ræða við þolanda eða þolendur og síðan við þá sem taldir eru líklegastir til að geta upplýst um samskiptavandann. Gjarnan er endað á að tala við þann sem talinn er vera helsti gerandi.
4. Tveir fullorðnir taka viðtöl við alla nemendur sem eiga hlut að máli bæði meinta gerendur og þolendur í atviki sem upp kemur eða þeim samskiptavanda sem upp hefur komið í nemendahópi eða milli hópa. Lögð er áhersla á að umsjónarkennari sé annar þessara aðila sem taka viðtöl við nemendur.
5. Rætt er við einn nemanda í einu og farið yfir málsatvika til að draga upp eins skýra mynd af atviki eins og kostur er. Nemendur eru upplýstir um stöðuna og gang mála. Markmiðið er að nemendur sjái sjálfa sig í aðstæðum og reyni að setja sig í spor annarra. Einnig er áhersla lögð á mikilvægi þess að sjá rétta mynd af sjálfum sér í aðstæðum og taka ábyrgð á hegðun sinni og gjörðum. Sjaldan er það þannig að einn eigi hlut að máli þegar tveir deila. Því þarf að hafa í huga að þar sem erfiðleikar koma upp í samskiptum nemenda þá eru ávallt tvær hliðar og upplifum nemenda ólík. Það kemur í hlut þeirra fullorðnu að draga fram sem réttasta mynd af aðstæðum og atvikum.
6. Mikilvægt er að þeir sem taka viðtölin gæti hlutleysis og þeir mega ekki undir neinum kringumstæðum taka málstað neins heldur er þeirra hlutverk að draga upp sem réttast mynd af því atviki sem upp kemur.
7. Ef nemendur óska eftir því að biðjast afsökunar á hegðun sinni eða framkomu þá er það gert eftir að viðtölum lýkur. Þá eru nemendur leiddir saman ásamt umsjónarkennar, stjórnanda eða námsráðgjafa.
8. Ef um stærri samskiptamál er að ræða þá er öllum starfsmönnum í skóla gert viðvart og þeir upplýstir um stöðu mála. Þá er rætt við allan nemendahópinn, allt starfsfólk og allir aðrir sem eru hluti af daglegu skólastarfi eru upplýstir um vandann.
9. Alltaf er haft samráð við foreldra þeirra sem hlut eiga að máli þegar unnið er með alvarlegan samskiptavanda á milli nemenda. Öllum málum lýkur á

því að foreldrar allra nemenda sem hlut eiga að máli eru upplýstir um málsatvik og þau samtöl sem hafa farið fram á milli nemenda og umsjónarkennar og/ eða stjórnenda og námsráðgjafa. Foreldrar eru einnig upplýstir um að málum sé fylgt eftir og viðtöl tekin við nemendur eins oft og þurfa þykir.

10. Lögð eru drög að áætlun um það hvernig málum verður háttað í framhaldinu og eftirfylgni er gerð með Obs frá umsjónarkennara og viðtölum við nemendur eftir að talið er að máli sé lokið.

Minniháttar samskiptavandi

Í smærri málum er sama vinnulag haft til hliðsjónar og í stærri málum en þó er tekið mið af umfangi mála.

1. Rætt er við nemendur sem hlut eiga að máli í minni eða stærri hópum. Haldnir eru fundir í smærri hópum ef það á við en rætt við nemendur á einstaklingsgrunni ef það á við. Þarna stýrir umfang málsins og einnig ef upp hefur komið samskiptavandi áður á milli sömu nemenda.
2. Reynt er að draga fram mynd af málsatvikum sem flestir eru sammála um að sé nálægt því að vera rétt lýsing á þeim samskiptavanda sem upp kom milli nemenda. Þá er áhersla lögð á að nemendur sjái sjálfa sig í aðstæðum og það sem fór úrskeiðis.
3. Nemendur leggja drög að úrlausnum mála. Ef það gengur ekki hjálpa fullorðnir. Mikilvægt er að nemendur finni lausnir í sameiningu og séu ekki beittir þrýstingi t.d. til að biðjast fyrirgefningar fyrr en þeir telja sig tilbúna til þess eða finna hjá sér þörf til þess. Enginn nemandi er látinn biðjast fyrirgefningar, slíkt þarf hver og einn að finna hjá sjálfum sér. Nemendur eru sjálfir hvattir til að leggja til úrlausnir.
4. Eftirfylgni fer fram inni í bekk þar sem umsjónarkennarar fylgjast vel með samskiptum nemenda og grípa inn í aðstæður eins og þeim er unnt.
5. Mjög mikilvægt er að foreldrar eru alltaf upplýstir um það þegar rætt er við nemendur en það hefur verið eitt af því mikilvægasta í skólastarfi Sjálandsskóla á öllum stigum þeirra mála sem upp hafa komið í skólastarfinu.